

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Skólastjórafélags Íslands**

45. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands var haldinn föstudaginn 13. maí 2022 og hófst klukkan 11:00. Fundurinn sem er sameiginlegur fundur samstarfsnefnda FG og SÍ fór fram á Teams.

Fundinn sátu f.h. SÍ, Þorsteinn Sæberg Sigurðsson og Arnbjörg Stefánsdóttir. Af hálfu FG, Þorgerður Laufey Diðriksdóttir og Jón Ingi Gíslason. F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Rakel Guðmundsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Tillaga stjórnar Vonarsjóðs um breytingar á samþykktum sjóðsins

Fram er komin tillaga frá stjórn Vonarsjóðs um breytingar á úthlutunarreglum sjóðsins. Í samræmi við samþykktir sjóðsins er óskað eftir staðfestingu samningsaðila á framkomnum tillögum. Lagt er til að styrkupp hæð í A hluta verði kr. 350 þúsund frá og með 1. ágúst 2022. Þá er jafnframt lagt til að hámarki styrkhæfra ECTS eininga í B hluta verði fjölgað úr 120 í 180 ECTS frá og með 1. ágúst 2022.

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd er sammála framangreindum tillögum stjórnar um breytingar á samþykktum Vonarsjóðs FG og SÍ og samþykkir að þær breytingar taki gildi frá og með 1. ágúst 2022.

2. Önnur mál.

Á árlegum samráðsfundi stjórnar Vonarsjóðs með samningsaðilum sem fram fór miðvikudaginn 27. apríl 2022 var rætt um skilning aðila á úthlutun úr C hluta sjóðsins og hvenær árleg styrkfjárhæð C hluta endurnýjast.

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd er sammála þeirri tillögu að styrkfjárhæð í C hluta endurnýjst 1. ágúst ár hvert.

Fundi slitið klukkan 11:15.